

Ed.

87. Frumvarp til laga

[84. mál]

um hlutdeild starfsmanna í stjórn atvinnufyrirtækja.

Flm.: Jón Þorsteinsson, Jón Árm. Héðinsson.

1. gr.

Ákvæði laga þessara taka til atvinnufyrirtækja, sem rekin eru af hlutafélögum, samvinnufélögum, ríkinu eða sveitarfélögum, er hafa að jafnaði yfir árið 50 starfsmenn eða fleiri í þjónustu sinni, enda lúti fyrirtækin sérstakri stjórn eða stjórnarnefnd.

2. gr.

Starfsmenn atvinnufyrirtækis, sbr. 1. gr., eiga rétt á því að kjósa einn fulltrúa úr sínum hópi og einn til vara í stjórn fyrirtækisins til viðbótar þeim stjórnarmönnum, sem kjörnir eru eða skipaðir á annan hátt. Kosningin fer fram í janúar eða febrúar ár hvert og gildir til eins árs í senn, unz næsta kosning fer fram. Kosningarrétt hafa einungis starfsmenn, sem eru á viku- eða mánaðarkaupi, er gegna störfum hjá fyrirtækinu, þegar kosning fer fram.

Fulltrúi starfsmanna í stjórn atvinnufyrirtækis nýtur sömu réttinda og aðrir fulltrúar í stjórn fyrirtækisins, svo sem málfrelsis, tillöguréttar og atkvæðisréttar á stjórnarfundum.

3. gr.

Félagsmálaráðuneytið setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Enn fremur sker ráðuneytið úr ágreiningi, sem upp kann að koma um skilning og framkvæmd á lögum þessum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að starfsmenn meiri háttar atvinnufyrirtækja öðlist rétt til að kjósa einn mann úr sínum hópi í stjórn fyrirtækjanna. Miðað er við atvinnufyrirtæki, er hafa að jafnaði 50 starfsmenn eða fleiri í þjónustu sinni, en eigi skiptir máli, hvort fyrirtækið er rekið af hlutafélagi, samvinnufélagi, ríki eða sveitarfélagi. Frumvarpið stefnir að því að styrkja aðstöðu vinnustéttanna í atvinnulífinu gagnvart fjármagnseigendum. Það miðar að dreifingu hins efnahagslega valds og aukinni samábyrgð vinnuveitenda og launþega. Frumvarpinu verða gerð nánari skil í framsögu.